

Fundargerð

24. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 20. apríl 2016 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Emma Eyþórsdóttir formaður (EE), Áslaug Helgadóttir (ÁH), Trausti Baldursson (TB), Leo Alexander Guðmundsson (LAG), Samson B. Harðarson SBH), Jón Viðar Jónmundsson (JVJ) og Þröstur Eysteinnsson (ÞE) (mætti þegar verið var að ræða 8. lið dagskrár)
Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), og ritaði fundargerð.

EE setti fundinn.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 23. fundi var samþykkt með nokkrum athugasemdum.

3. Staða mála frá síðasta fundi (BKB)

- a. Geitasæðingar og sala hafrasæðis.
Varðandi sölu sæðis til USA hefur ekki verið hægt að senda það vegna strangari innflutningsreglna í Bandaríkjunum. Nú þarf að prófa fyrir blátungu (Bluetongue), þó svo að sjúkdómurinn hafi aldrei greinst hér á landi. Þetta gildir um bæði hrúta- og hafrasæði. Það þarf því að kynna sér vel hvaða kröfur eru gerðar að hægt verði að senda sæði í haust. Fram kom að blátunga er veirusjúkdómur sem hefur verið að greinast í nágrennlöndum okkar t.d. Noregi.
Það fylgir því kostnaður og fyrirhöfn að sæða, að því þurfa að koma dýralæknir og/eða sæðingamenn. Árangur hefur verið um 50% með frosnu sæði. Aðeins einn aðili nýtti sæðingar í haust og varð enginn árangur af þeim.
- b. Erfðalindasetur og Tölvudeild BÍ fengu styrk upp á 2 millj. til að gera skýrsluhaldsgrunn fyrir geitur. Gengur vel með gagnagrunninn Heiðrónu hann er tilbúinn og hægt verður að skrá í hann í vor. Þarf að setja inn eldri gögn.
- c. Erfðalindasetur sá um að greiða út styrk vegna geita, framlag frá nefndinni og ANR. Það voru 40 aðilar af 109 sem skiluðu skýrslum fyrir 594 gripi. Til ráðstöfunar voru samtals kr. 3.575 þús, (kr. 1.800 þús, framlag erfðanefndar og kr. 1.775 þús, sérstakt framlag ARN til geitfjárræktar). Greitt var fyrir hvern skýrslufærðan grip kr. 6.018.
- d. Ólafur Dýrmundsson hætti störfum hjá BÍ um áramótin 2014-15 og hafa verkefni sem hann sinnti færst til setursins, m.a er starfsmaður ELS nú fulltrúi Íslands hjá ERF (samstarfsvettvangur í Evrópu sem sér m.a. um að styðja við framkvæmd áætlunar FAO um verndun erfðaeftnis búfjár og heldur utan um skráningar búfjarkynja í samræmdan gagnagrunn (EFABIS-net)). **EFABIS gagnagrunnur:** Unnið hefur verið að því að setja inn gögn um búféð okkar, gögnin höfðu ekki verið uppfærður síðan

2009 og nokkur tími fór í að afla upplýsinga fyrir síðustu fimm ár. Sýnt dæmi um hvernig grunnurinn er á mynd.

- e. BKB sótti fund í húsdýrahóp Nordgen í mars ásamt Emmu
- f. Yfirlitsgrein um stöðu geitastofnsins og hvað hefur áunnist á liðnum árum er á lokastigi og áætlað er að birtist í Skrínu.
- g. Var með veggspjald á Landsýn um uppruna, stöðu og framtíðarhorfur geitastofnsins
- h. Rammasamningur- geitfjárræktin fær framlag upp á 15 milljónir á ári í næstu búvörusamningum 2017 -2026.. Vonandi nær greinin að verða sjálfbær með þessum stuðningi. Mest áhersla verður lögð á að fjölga í stofninum auk annarra verkefna. MAST heldur utan um fjármálin.
- i. Enn hafa ekki borist skýrslur frá ábyrgðarmönnum í sauðfjárrækt og hrossarækt, en samkvæmt samtali við Eypór Einarsson þá er skýrsla um erfðafræðilegt ástand sauðfjárstofnsins væntanleg.
- j. BKB fór í Hornafjörðinn að skoða geiturnar á Lækjarhúsum sem átti að slátra eða selja, þær hafa nú fengið nýtt heimili á Brunnhól á Mýrum (ferðaþjónustubær) og til stendur að fara að nýta þær. Nýi eigandinn fékk uppskriftir með þeim og ætlar að framleiða úr kjötinu pylsur o.fl., auk þess að kember og nýta ullina. Ætlar að bíða með mjaltir en hefur samt áhuga á því að framleiða osta. Þorsteinn Ólafsson dýralæknir fór með og tók blóðsýni. Hjörðin virðist vera einangraður hópur sem hefur verið þarna lengi en 2-3 hafrar hafa verið fengnir úr Borgarfirði á undanförunum árum.
- k. BKB tók þátt í Evrópuverkefni „Sheep and goat skills“ á síðasta ári. Þátttökulönd voru Danmörk, Litháen og Ísland.
- l. Fyrirspurn kom frá Hollandi að kaupa geitur á fæti.
- m. Send var inn umsókn í Framleiðnisjóð um styrk til að vinna handrit að kennslubók, en safnast hefur mikið af upplýsingum um geitur á síðustu árum. Ekki fékkst styrkur.

4. Rekstur og áætlanagerð

Lagt var fram uppgjör ársins 2015 (1.1. til 31.12. 2015) ásamt drögum að áætlun fyrir 2016. Inneign í byrjun árs 2015 var kr. 6.207.795 , þar af var framlag á fjárlögum 2015 kr. 4.400.000 og óráðstafað eigið fé 1.1.2015, kr. 1.807.795. Gjöld alls 4.542.331 kr., inneign í lok árs var kr. 1.671.464. Þar af eru kr. 487.500 bundnar í ógreiddum lokagreiðslum styrkja. Drög að áætlun fyrir árið 2016 voru lögð fram. Framlag til nefndarinnar verður óbreytt frá árinu áður eða kr. 4.400.000. Til ráðstöfunar eru þá kr. 6.071.464. Stofnverndarframlag til verndunar geitfjárstofnsins verður kr. 1.800.000 og 2.500.000 kr. eru bundnar vegna verksamnings við erfðalindasetur. Samþykkt var að fella niður eftirstöðvar allra styrkja að upphæð kr. 387.500. og verður þá samkvæmt drögum að áætlun óráðstafað eigið fé 1.1. 2016 kr. 1.529.083.

5. Umsögn um nýja reglugerð um búfjársæðingar og flutning fósturvísa

Rætt var um nýja reglugerð um búfjársæðingar og flutning fósturvísa. Í umsögn nefndarinnar um framangreinda reglugerð var ákveðið að gera ahugasemdir við orðalag í kafla II þar sem fjallað er um sauðfé og geitfé. Þar vill nefndin benda á að réttast er að í texta komi fram „hrútar og hafrar“ en ekki aðeins hrútar eins er í drögum. Sama gildir um ær og huðnur. Þetta telur nefndin vera í samræmi við yfirskrift kaflans sem er sauðfé og geitfé og þá má

sleppa síðustu málsgrein 11. gr. þar sem segir „Um geitasæðingarstöðvar og geitasæðingar skal farið eftir sömu reglum og um sauðfjársæðingar“.

Jafnframt vill erfðanefnd vekja athygli á því að hvergi er fjallað um geymslu sæðis og fósturvísa vegna langtíma varðveislu erfðaefnis í lögum eða reglugerðum. Telur nefndin löngu tímabært að tekið verði á þeim málum.

6. Búvörusamningur - Rammasamningur

Rætt var um nýgerðan Búvörusamning og aukið framlag til nefndarinnar sem þar er áætlað.

7. Þátttökugjöld í erlendu samstarfi

Rætt var um hver ætti að sjá um að greiða þátttökugjöld vegna erlends samstarfs. ÞE er tengiliður við EUFORGEN og sagði að ekki hefði verið greitt þátttökugjald í nokkur ár, EUFORGEN heldur utan um gagnagrunn (EUFGIS) um verndun skóga í Evrópu. Þátttaka í ERFP samstarfinu hefur verið € 800 á ári og hefur ekki verið greitt fyrir 2015 og 2016. Nefndin mun óska eftir því að ráðuneytið að það greiði fyrir þessi tvö ár eða þar til nefndin fái aukið fjármagn. ÁH upplýsti að ráðuneytið sér um að greiða fyrir plöntusamstarf (PGRFA).

8. Innflutningur fósturvísa af holdanautastofnum

Rætt var um að ekki hafi verið leitað eftir umsögn erfðanefndar vegna innflutnings á erfðaefni holdanautgripa. Fram kom að ekki virðist vera samræmi í túlkun laga um innflutning á dýrum. Að mati nefndarinnar er það skýrt í lögum að leita þurfi umsagnar nefndarinnar um slík mál.

9. Hvanneyrarhátíð

Rætt var um hvernig hægt væri að vekja meiri athygli á starfi nefndarinnar, þar sem málþing virðast ekki vera það form sem fólk sækir. Ákveðið að sækja um að fá að taka þátt í Hvanneyrarhátíð sem haldin verður 9. júlí og vera með húsdýr sem hafa sérstöðu til sýnis t.d. ferhyrnt fé, forystufé, geitur og hænsni.

10. Önnur mál

EE/BKB sögðu frá EUGENA (European Genebank Network for Animal Genetic Resources) á vegum ERFP (European Regional Focal Point for Animal Genetic Resources). Tilgangur samstarfsins er að styðja við rekstur slíkra genbanka og stuðla að aðgengi að erfðaefni í genbönkum í samræmi við alþjóðlegar samþykktir (The Nagoya Protocol for Access and Benefit Sharing). Hafa samtökin óskað eftir að aðildarlönd ERFP undirriti MoU (Memorandum of Understanding). Fram kom að ekki er tímabært að undirrita slíka yfirlýsingu þegar ekki er til formlegur genbanki á Íslandi. Vinna þarf að því að stofna genbanka því hingað til hefur verið farið eftir óskráðum vinnureglum, hver í sínu horni, hvað varðar t.d. hrúta og nautasæði.

EE ræddi um þjónustusamning milli erfðanefndar og LBHÍ um erfðalindasetur og að greiðslur fyrir þá þjónustu hefðu ekki hækkað frá 2009.

JVJ þakkaði nefndarmönnum samstarfið og sagði þetta vera sinn síðasta fund þar sem hann léti af störfum á árinu vegna aldurs.

11. Næsti fundur

Í haust, ný nefnd tekur við.